

## AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 60 15. apríl 1964, um breytingu á reglugerð nr. 41 24. marz 1956, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

### 1. gr.

Í stað „kr. 18 720 000.00“ í 2. gr. auglýsingarinnar komi: kr. 23 400 000.00.

### 2. gr.

Í stað „kr. 720.00“ í 3. gr. komi: kr. 900.00 og í stað „kr. 60.00“ í sömu grein komi: kr. 75.00.

### 3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 1. apríl 1966.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. janúar 1966.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Jón L. Arnalds.*

## GJALDSKRA

Héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

### I. RAFORKA

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir, nema á veitusvæðum, sem sérstakar gjaldskrár eru settar fyrir:

#### A. Lýsing.

11. Um kWst mæli á 5.60 hverja kWst.
12. Um kWst mæli á kr. 2.80 hverja kWst, auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.
 

Fastagjald reiknast þannig:

Fyrir búðir, vinnustofur og skrifstofur .....	kr. 15 00 á m <sup>2</sup> á ári.
Fyrir ganga, geymslur o. þ. h. ....	— 7.00 á m <sup>2</sup> á ári.

#### B. Notkun til heimilisparfa, búrekstrar o. fl.

21. Um kWst mæli þannig reiknað:
  - a. Grunn gjald (mælisleiga o. fl.):
 

af einfasa mælingu .....	kr. 14.00 á mán.
af þrífasa mælingu .....	— 28.00 á mán.
  - b. Orkugjald:
 

af allri notkun .....	— 1.40 á kWst.
-----------------------	----------------